


VERK eftir Sæmund Valdimarsson á sýningunni á Kjarvalsstöðum. Morgunblaðið/Golli

ÍSLENSK ORGELVERK Í DÓMKIRKJUNNI

MARTEINN H. Friðriksson dómorganisti leikur á orgel Dómkirkjunnar laugardaginn 2. nóvember kl. 17.

Tónlistardagar Dómkirkjunnar eru nú haldnir í 15. sinn og eru orgeltónleikar Marteins liður í þeirri tónleikaröð. Í tilefni 200 ára afmælis Dómkirkjunnar verða eingöngu leikin íslensk orgelverk á tónleikunum eftir tónskáldin Jón Þórarinsson, Pál Ísólfsson, Jón Leifs, Þorkel Sigurbjörnsson, Jón Nordal og Hjálmar H. Ragnarsson.

Aðgangur er 500 kr. og verða miðar seldir við innganginn.


AÐFÖNG KJARVALSSTAÐA


Á KJARVALSSTÖÐUM verður opnuð sýning í dag á aðföngum safnsins síðastliðin fimm ár. Þar gefur að líta 120 verk eftir 90 listamenn. Sýningin, sem er í öllu húsinu, spannar verk eftir alla helstu listamenn þjóðarinnar frá þessari öld og er gestum boðið að sjá sýninguna endurgjaldslaust fyrstu sýningarhelgina. Sýningin er opin daglega frá kl. 10–18.

Allt frá tilkomu Kjarvalsstaða árið 1973 hefur Reykjavíkurborg safnað listaverkum eftir íslenska listamenn. Árlega hefur borgin keypt verk auk þess sem henni hafa hlotnast listaverkagjafir. Er þar sérstaklega um að ræða gjafir frá listamönnunum Jóhannesi S. Kjarval, Ásmundi Sveinssyni, en hann gaf ennfremur safnhúsin við Sigtún, og Erró. Þá hafa nokkrir einstaklingar líkt og Jón Þorsteinsson og Eyrún Guðmundsdóttir, Ragnar í Smára og Guðrún Nielsen átt stóran þátt í uppbyggingu safnsins.

Líkt og fram kemur í tengslum við þessa sýningu hefur safnið vaxið umtalsvert á síðastliðnum fimm árum eða sem nemur 1.976 listaverkum. Þar af eru 944 eftir Alfreð Flóka. Lögð hefur verið rækt við að safna listaverkum eftir eldri listamenn samtímis því sem unnið hefur verið að því að eignast framúrskarandi listaverk eftir núlifandi listamenn. Í tölum lítur listaverkaeign borgarinnar þannig út: Almenn listaverkaeign Reykjavíkurborgar 2.929 verk eftir íslenska og erlenda listamenn; Ásmundarsafn 2.360 verk; Errósafn 2.810 verk; Kjarvalsstaðir 5.323 verk.

Í tengslum við sýninguna verður sérstök kynning á safnafræðslu Listasafna Reykjavíkur sem starfrækt hefur verið undanfarin 6 ár.





TÓNLISTARSALURINN í fyrirhugaðri menningarmiðstöð í Kópavogi mun taka allt að 300 manns í sæti.

TÓNLEIKAFÖGNUÐUR Í KÓPAVOGI

Í TILEFNI áforma bæjaryfirvalda í Kópavogi um að byggja yfir tónlist í Kópavogi hefur verið ákveðið að „fagna þessum stórtíðindum“ með þrennum tónleikum í Listasafni Kópavogs 3., 4. og 5. nóvember kl. 20.30. Teikningar og líkön af húsinu verða til sýnis á tónleikunum. Aðgangur er ókeypis og tónleikarnir öllum opnir meðan húsrúm leyfir.

Eftirtaldir listamenn koma fram á tónleikunum í Listasafni Kópavogs – Gerðarsafni:

Sunnudagur 3. nóvember kl. 20.30. Barnakór Hjallaskóla undir stjórn Guðrúnar Magnúsdóttur, Friðbjörn G. Jónsson og Sigfús Halldórsson, Guðrún Birgisdóttir og Peter Máté, Halldór Haraldsson, Anna Júlíana Sveinsdóttir og Sólveig Anna Jónsdóttir, Bernardel–kvartettinn, Bryndís Halla Gylfadóttir og Steinunn Birna Ragnarsdóttir, Peter Máté, Jón Þorsteinsson og Gerrit Schuil, Hildigunnur Halldórsdóttir og Sólveig Anna Jónsdóttir, Blásarakvintett Reykjavíkur, Hamrahlíðarkórinn. undir stjórn Þorgerðar Ingólfsdóttur.

Mánudagur 4. nóvember kl. 20.30. Skólakór Kársness undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur, Laufey Sigurðardóttir, Þorkell Jóelsson og Björn Th. Árnason, Daníel Þorsteinsson, Camilla Söderberg og Snorri Örn Snorrason, Þórunn Guðmundsdóttir og Daníel Þorsteinsson, Camerartica, Sigurður Halldórsson og Daníel Þorsteinsson, Þorsteinn Gauti Sigurðsson, Signý Sæmundsdóttir og Þóra Fríða Sæmundsdóttir, Unnur María Ingólfsdóttir og Þorsteinn Gauti Sigurðsson, Rut Ingólfsdóttir og Inga Rós Ingólfsdóttir, Martial Nardeau, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Martial Nardeau og Anna Guðný Guðmundsdóttir, Samkór Kópavogs - einsöngvarar Katrín Sigurðardóttir og Þorgeir Andrésson, undirleikari Ólafur Vignir Albertsson og stjórnandi Stefán Guðmundsson.

Þriðjudagur 5. nóvember kl. 20.30. Skólahljómsveit Kópavogs. undir stjórn Össurar Geirssonar, Kristín Sigtryggsdóttir og Hrefna Unnur Eggertsdóttir, Örn Magnússon, Sigurður Ingvi Snorrason og Anna Guðný Guðmundsdóttir, Marta Guðrún Halldórsdóttir og Örn Magnússon, Kolbeinn Bjarnason, Einar Kr. Einarsson og Pétur Jónasson, Ágústa S. Ágústsdóttir, Harpa Harðardóttir, og Kristinn Örn Kristinsson, Eydís Fransdóttir og Bryndís Ásgeirsdóttir, Kristinn Sigmundsson og Jónas Ingimundarson og Hljómeyki.

MENNING/ LISTIR

Í NÆSTU VIKU

MYNDLIST

Ásmundarsafn – Sigtúni
Mótunarárin í list Ásmundar Sveinssonar.
Kjarvalsstaðir – Flókagötu
Sýn. á aðföngum safnsins sl. 5 ár. Sýn. á verkum Kjarvals í austursal til 22. desember.
Listasafn Íslands
„Ljósbrigði“. Úr safni Ásgríms Jónss. til 8. des.
Við Hamarinn – Strandgötu 50, Hf.
Helgi Hjaltalín Eyjólfsson og Gunnar J. Straumland sýna til 3. nóv.
Gerðuberg – Gerðubergi 3–5
Sjónþ. Helga Þorgils til 10. nóv.
Sjónarhóll – Hverfisgötu
Sýn. á verkum Helga Þorgils til 10. nóv.
Listgallerí – Listhúsinu Laugardal
Guðrún Lára Halldórsd. sýnir til 28. nóv.
Gallerí Listakot – Laugavegi 70
Margrét Guðmundsd. sýnir til 18. nóv.
Ingólfsstræti 8 – Ingólfsstræti 8
Eggert Pétursson sýnir til 3. nóv.
Gallerí Jörð – Reykjavíkurv. 66. Hf.
Sigurbjörn Ó. Kristinss. sýnir.
Norræna húsið – Hringbraut
Margrét Jónsd. sýnir til 10. nóv. Roger Westerholm sýnir til 24. nóv.
Gallerí Stöðlakot – við Amtmannstíg
Torfi Jónsson sýnir til 10. nóv.
Listasafn Kóp. – Hamraborg 4
Gunnar Árnas. Hrólfur Sigurðsson og Sigrid Valting. til 10. nóv.
Hafnarhúsið – við Tryggvagötu
Anna Jóa sýnir til 24. nóv.
Skruggusteinn – Hamraborg 20a, Kóp.
Samsýning til 10. nóv.
Gallerí Fold – Laugavegi 118
Haraldur (Harry) Bilson og Helen Margaret Haldene sýna til 17. nóv.
Gallerí Hornið – Hafnarstræti 15
Benedikt Kristþórsson sýnir.
Gallerí Tehús – Hlaðvarpanum
Ragna Róbertsdóttir sýnir.
Nýlistasafnið – Vatnsstíg 3b
Steingrímur Eyfj./Margrét Sveinsd. til 17. nóv.
Hafnarborg – Strandgötu 34, Hf.
Jón Garðar Henrysson sýnir í efri sölum og Helga Ármanns í Sverrissal til 4. nóv.
Sólon Íslandus – við Bankastræti
Guðbjörg Lind Jónsdóttir sýnir til 11. nóv.
Gallerí Sævars Karls – Bankastræti 9
Sigrún Ólafsdóttir sýnir.
Listhús 39 – Strandgötu 39, Hf.
Sigríður Ágústsd./Hjördís Frímann til 4. nóv.
Önnur hæð – Laugavegi 37
Japanski listamaðurinn On Kawara sýnir.
Gallerí Úmbra – Amtmannsstíg 1
Gunnar Snæland sýnir til 3. nóv.
Listasafn Sigurjóns – Laugarnest. 70
Valin verk Sigurjóns Ólafssonar.
Studio Bubbi – Hringbraut 119
Guðbjörn Gunnarss./Chris Sayer/Jóhann G. og Sigurður Vilhjálmss. sýna til 10. nóv.
Galleríkeðjan – Sýnirými
Sýn. í nóv.: Í sýniboxi: Victor G. Cilia. Í barmi: Haraldur Jónss. Berandi: Valgerður Matthíasd. Hlust: 5514348: Margrét Lóa Jónsd.

TÓNLIST

Laugardagur 2. nóvember
Marteinn H. Friðrikss. leikur á orgel Dómkirkjunnar kl. 17. Björllukór Bústaðakirkju í Stykkishólmskirkju kl. 17. Sönghátíð í þróttah. í Varmá kl. 16.
Sunnudagur 3. nóvember
Camerarctica í Listasafni Íslands kl. 17. Miðaldatónl. í Þjóðminjasafninu kl. 17. Sinfóníuhlj. Norðurl. í Akureyrarkirkju kl. 17. Fjölskyldutónl. í Tjarnarsal Ráðhússins kl. 14–17. „Actus Tragicus“ Bachs í Langholtskirkju kl. 11.
Mánudagur 4. nóvember
Guðný Guðmundsd. og Delana Thomsen í Borgarneskirkju kl. 18.

LEIKLIST

Þjóðleikhúsið
Nanna systir lau. 9. nóv. Í hvítu myrkri lau. 2. nóv., sun., fim. Kardimommubærinn sun. 3. nóv. Hamingjuránið lau. 2. nóv., fim.
Þrek og tár sun. 3. nóv., fös. Leitt hún skyldi vera skækja mið. 6. nóv., lau.
Borgarleikhúsið
Ef ég væri gullfiskur lau. 2. nóv., lau. Largo desolato lau. 2. nóv. BarPar á Leynibarnum lau. 2. nóv., fös. Stone Free fös. fim. 7. nóv., fös. Svanurinn sun. 3. nóv., mið., lau. Trúðaskólinn lau. 2. nóv., sun., lau.
Leikfélag Akureyrar
Sigrún Ástrós lau. 2. nóv.
Dýrin í Hálsaskógi lau. 2 nóv., sun.
Loftkastalinn
Á sama tíma að ári sun. 3. nóv. Delerium Búbónis lau. 9. nóv. Sirkus Skara Skrípó lau. 2. nóv., fös. Sumar á Sýrlandi fim. 7. nóv.
Hermóður og Háðvör
Birtingur lau. 2. nóv., fös., lau.
Kaffileikhúsið
Spænsk kvöld fös. 8. nóv., lau. Hinar kýrnar mið. 6. nóv. Vala Þórs/Súkkat lau. 2. nóv., fim.
Höfðaborgin
„Gefin fyrir drama þessi dama...“ mið. 6. nóv.
Möguleikhúsið
Einstök uppgötvun sun 3. nóv., lau.
Leikfélag Hafnarfjarðar
Stalín er ekki hér sun. 3. nóv.
Hafnarborg
Grísk veisla, lau. 2. nóv., fös., lau.
Nemendaleikhúsið
Komdu ljúfi leiði lau. 2. nóv., sun., mán., fös.